# Föstudagur 25. ágúst



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (32)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Bleiki pardusinn** (Pink Panther)). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Ólafur B. Guðnason.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Fiðringur.** Þáttur fyrir ungt fólk. Umsjón Grétar Skúlason.
21.00 **Nýja línan** (Chic). Ný þýsk mynd um haust- og vetrartískuna.
21.30 **Valkyrjur** (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamálamyndaflokkur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.20 **Tortímandinn** (The Terminator). Bandarísk spennumynd frá 1984. Leikstjóri James Cameron. Aðalhlutverk Arnold Schwarzenegger, Michael Bihen, Linda Hamilton og Paul Winfield. Tortímandinn er að hálfu leyti maður og að hálfu leyti róbóti, sem er sendur til Los Angeles úr framtíðinni til að drepa unga stúlku. Þýðandi Reynir Harðarson. Ath.! Myndin er alls ekki við hæfi barna.
0.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara**
**17.30** **Sumarskólinn** Summer School. Sprenghlægileg gamanmynd um ungan íþróttakennara sem fenginn er til þess að kenna nokkrum erfiðum unglingum ensku. Þar sem þetta er ekki beinlínis hans fag verða kennsluaðferðirnar vægast sagt skrautlegar. Aðalhlutverk. Mark Harmon og Kristie Alley.
19.19 **19.19** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.00 **Teiknimyndir.**
20.15 **Ljáðu mér eyra . . .** Glóðvolgur og ferskur þáttur um allt það nýjasta sem er að gerast í tónlistarheiminum. Viðtöl við hljómsveitina B-52 og Lou Reed meðal annars. Umsjón: Pia Hansson.
20.50 **Bernskubrek** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.20 **Karatestrákurinn** The karate Kid. Barna- og fjölskyldumynd sem segir frá ungum aðkomudreng í Kaliforníu sem á undir högg að sækja. Gæfan brosir þó við honum þegar hann kynnist japönskum manni sem kennir honum að bera virðingu fyrir sjálfum sér og hvernig hann geti beitt hinni göfugu sjálfsvarnarlist, karate. Aðalhlutverk: Ralph Macchio, Noriyuki'Par'Morita, Elizabeth Shue og Martin Kove. Leikstjóri: John G. Avildsen.
23.25 **Eins konar líf** A Kind of Living. Léttur breskur gamanmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Richard Griffith, Farncis de la Tour og Christopher Rothwell. Leikstjóri: Paul Harrison.
23.50 **Örlagaríkt ferðalag** A Few Days In Weasel Creek. Aðalhlutverk. Mare Winningham, John Hammond, Kevin Geer og Nicholas Pryor.
01.20 **Á fölskum forsendum** When the Bough Breaks. Ted Danson fer með hlutverk barnasálfræðings, Dr. Alex, sem lætur tímabundið af störfum eftir að maður sem sekur var fundinn um kynferðislega misnotkun á börnum, finnst látinn á skrifstofunni hans. Aðalhlutverk. Ted Danson, Richard Masur, Rachel Ticotin og Marcie Leeds.
02.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jón Bjarman flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Ævintýrið um hugrökku Rósu. Ævintýri úr bókinni Tröllagil og fleiri ævintýri eftir Dóru Ólafsdóttur. Bryndís Schram flytur. Seinni hluti. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Aldarbragur.** Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (3).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Sjötti og lokaþáttur í umsjá Smára Sigurðssonar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Bítlarnir. Síðari þátturinn um þessa frægu hljómsveit. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Ævintýrið um hugrökku Rósu. Ævintýri úr bókinni Tröllagil og fleiri ævintýri eftir Dóru Ólafsdóttur. Bryndís Schram flytur. Seinni hluti. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Lúðraþytur.** Skarphéðinn Einarsson ræðir við Robert Darling.
21.00 **Sumarvaka.** a. Í kaupavinnu fyrir sextíu árum. Valborg Bentsdóttir flytur frumsaminn minningaþátt. b. Það var í ágúst að áliðnum slætti og fleiri vinsæl sumarlög. c. Frá Kaprí. Ferðaþáttur eftir séra Jakob Kristinsson. Jón Þ. Þór les. d. Komið allir Kaprísveinar og fleiri söngvar. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Umsjón: Jónas Jónasson.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
0.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

2.00 **Fréttir.**
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
3.00 **Næturrokk.** Fréttir kl. 4.00.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
7.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Stírurnar þurrkaðar úr augunum og gluggað í landsmálablöðin og gömlu slagararnir spilaðir.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Lætur daginn líða fljótt með góðri tónlist, það er nú einu sinni föstudagur í dag.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Tónlist, afmæliskveðjur og óskalög í massavís.
17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson – Reykjavík síðdegis.** Einn vinsælasti útvarpsþátturinn í dag því hér fá hlustendur að tjá sig. Síminn er **61-11-11.**
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Kominn í dansdressið og hitar upp fyrir kvöldið.
20.00 **Íslenski listinn.** Stjórnandi: Pétur Steinn Guðmundsson.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Óskadraumur ungu stúlkunnar í ár er kominn á vaktina. Óskalög og kveðjur í síma **61-11-11.**
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson.** Fjallað er um menn og málefni líðandi stundar, bæði í alvarlegum jafnt sem gamansömum dúr. **Fréttir kl. 8 og 10 og Stjörnuskot kl. 9.**
9.00 **Gunnlaugur Helgason** syngjandi skemmtilegur á morgnana. Getraunir, hádegisverðarpotturinn alltaf á sínum stað **og auðvitað er fylgst með Bibbu í heimsreisunni. Alltaf á vakt, fréttir kl. 12 og 14. Stjörnuskot kl. 11 og 13.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Allir að komast í helgarstuð og tónlistin valin í samræmi við það. Stjörnuskáldið á sínum stað. Eftir sexfréttir geta hlustendur tjáð sig um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er sem fyrr **681900. Fréttir á slaginu 16 og 18. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Snorri Sturluson.** Errekki obboslega dýrt oní? Onei, það kostar ekkert að hlusta á Snorra sem er kominn í stuð.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Það er ekkert sem stöðvar **Halla** þegar hann er kominn á stað, óskalög og kveðjur í **611111.**
3.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
**22.00** **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
14.00 **Í upphafi helgar. . . .** með Guðlaugi Júlíussyni.
17.00 **Geðsveiflan** með Alfreð J. Alfreðssyni.
19.00 **Raunir.** Tónlistarþáttur í umsjá Reynis Smára.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Björn Ingi Hrafnsson og Þórir Jónsson.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og Atóm-Geira.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt** með Rafni Marteinssyni.

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
18.30 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur,
19.30 **Darker Than Amber.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur
22.30 **Spass and Bass.**

## SKY MOVIES

13.00 **Monkey Buissness.**
15.00 **Space Camp.**
17.00 **The Plague Dogs.**
19.00 **Crystal Heart.**
21.00 **The Name of the Rose.**
23.00 **Our Winning Season.**
00.30 **The Big Easy.**
03.00 **Space Camp.**

## EUROSPORT

9.30 **Snóker.** Frá Heimsmeistarkeppninni í Sheffield.
10.30 **Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
11.00 **Siglingar.** Stórmót sem byrjar í Hamborg og endar í Toulon.
11.30 **Frjálsar íþróttir.** Unglingameistaramót Evrópu.
12.30 **Skíði.** Keppni í svigi og stórsvigi karla í Ástralíu.
13.30 **Knattspyrna.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar.
14.30 **Ástralska knattspyrnan.**
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Snóker.** Frá Heimsmeistarkeppninni í Sheffield.
17.00 **Hafnarbolti.** Frá keppni í Bandaríkjunum.
18.00 **Frjálsar íþróttir.** Unglingameistaramót Evrópu.
19.00 **Frjálsar íþróttir.** Stigamót í Brussels.
21.00 **Rugby.** Ástralska deildin.
22.00 **Snóker.** Frá Heimsmeistarkeppninni í Sheffield.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Foley Square.**
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Chart Attack.**
21.00 **In Concert.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Tortímandinn (Arnold Schwarzenegger) er sendur úr framtíðinni til að koma í veg fyrir barnsfæðingu.**

### Sjónvarp kl. 22.20:

# Tortímandinn

Unnendur spennumynda fá góðan skammt í kvöld þegar sjónvarpið sýnir Tortímandann (The Terminator). Mynd þessi er framtíðarsakamálamynd og leikur Arnold Schwarzenegger hálfan mann og hálfan róbót sem kemur úr framtíðinn til að drepa stúlku svo hún geti ekki eignast barn sem muni breyta sköpunarsögunni . . .

Tortímandinn er með allra bestu framtíðarmyndum sem gerðar hafa verið og má þakka það leikstjóranum, James Cameron, en þetta var hans fyrsta kvikmynd. Hann hefur haldið sig við framtíðarkvikmyndir því næsta kvikmynd hans var hin frábæra Aliens og fyrir stuttu var frumsýnd í Bandaríkjunum nýjasta kvikmynd hans, The Abyss, sem þykir hið mesta tækniundur.

Tortímandinn er fyrsta kvikmyndin þar sem Arnold Schwarzenegger sýnir meira en vöðva. Hann leikur framtíðarmanninn mjög sannfærandi. -HK

### Stöð 2 kl. 23.50:

# Örlagaríkt ferðalag

Örlagaríkt ferðalag (A Few Days In Weasel) fjallar um ungan mann sem er að yfirgefa heimaslóðir í sveitinni. Hann telur sig ekki hafa neitt þar að gera þar eð foreldrar hans eru látnir. Að vísu hafði bróðir hans lofað deyjandi móður þeirra að þeir mundu ekki fara af sveitabýlinu. Hann lætur samt það loforð ekki aftra sér í að láta draum sinn rætast að fara til Texas.

Á leiðinni hittir hann unga stúlku sem er á leið til Kaliforníu. Hún á hjólhýsi en engan bíl. Þau ákveða því að ferðast saman. Bæði ýkja þau um uppruna sinn sem verður til þess að vændræðalegt ástand myndast milli þeirra. Þau lenda í ýmsum ævintýrum á ferðlaginu, ævintýrum sem binda þau saman og auka skilning þeirra hvors á öðru. -HK



**Daniel (Ralph Macchio) tekur við leiðbeiningum frá Miyagi (Pat Morita).**

### Stöð 2 kl. 21.20:

# Karatestrákurinn

Nýlega var í Bandaríkjunum frumsýnd þriðja kvikmyndin um karatestrákinn Daniel sem Ralph Macchio leikur. Ætlar sú mynd ekki að verða síður vinsæl en fyrri tvær. Stöð 2 sýnir í kvöld fyrstu myndin. Þar kynnast áhorfendurnir hinum föðurlausa Daniel sem nýfluttur er ásamt móður sinni til Los Angeles. Hann lendir fljótlega upp á kant við stráka sem halda hópinn og æfa karate.

Daniel kemst að því að húsvörðurinn þar sem hann býr kann ýmislegt fyrir sér í karate og vill endilega fá kennslu. Húsvörðurinn Miyaki tekur að sér að kenna Daniel undirstöðuatriði sjálfsvarnarlistarinnar en tekur fram að slagsmál sé síðasti lausnin á vandamálunum.

Karatestrákurinn er hin besta skemmtun, sérstaklega fyrir yngri kynslóðina. Leikstjóri er John G. Avildsen en hann leikstýrði meðal annars fyrstu Rocky myndinni.